

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Skaftárhrepp*, kt. 480690-2069, fyrir móttöku-, flokkunar- og brennslustöð á Kirkjubæjarklaustri. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

*Hollustuvernd ríkisins, 13. desember 2002.*

**Davíð Egilson**, settur forstjóri.

*Helgi Jenson forstöðumaður.*

## GJALDSKRÁ

### fyrir tannlækningar veittar sjúklingum sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum.

#### 1. gr.

Endurgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins á kostnaði sjúkra- og slysatriggðra við tannlæknaþjónustu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 skulu reiknast út frá gjaldskrá þessari þegar um er að ræða:

1. Tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa, sbr. c-lið 1. mgr. 33. gr. laga nr. 117/1993 og reglugerð settri af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
2. Tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, sem veita ber samkvæmt 37. gr. laga nr. 117/1993 og reglugerð settri af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
3. Bætur vegna tannskaða þeirra sem slysatriggðir eru og greiðast samkvæmt d- og e-lið 1. tl. og b-lið 3. tl. 27. gr. laga nr. 117/1993 og reglugerð settri af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

#### 2. gr.

Gjaldnr.	Heiti verks	Verð kr.
	<b>Skoðun</b>	
001	Viðtal	1.710
002	Bráðahjálp	1.710
003	Skoðun nýs sjúklings	2.560
004	Áfangaeftirlit	1.710
005	Tilvísun	850
006	Umsókn eða áverkavottorð til Tryggingastofnunar	1.370
007	Greinargerð að ósk Tryggingastofnunar	2.740
012	Röntgenmynd	980
013	Heildarröntgen, 10 eða fleiri smámyndir	7.300